

Útboðslýsing

Landsbréf – Global Portfolio

Fjárfestingarsjóður

Kt: 690616-9710

ISIN: IS0000027480

Rekstraraðili er Landsbréf hf.

Desember 2017

EFNISYFIRLIT

I.	ALMENNT	3
II.	UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN, REKSTRARFÉLAGIÐ OG VÖRSLUFYRIRTÆKID	4
1.	Rekstrarfélag	4
		X
		X
		X
		X
		X
III.	AÐRAR UPPLÝSINGAR.....	9
1.	Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina	9
2.	Kaupgengi og innlausnarvirði.....	9
3.	Mat eigna.....	10
4.	Skattamál.....	10
5.	Rekstrarkostnaður og annar kostnaður	11
6.	Kaup og sala hlutdeildarskírteina.....	12
7.	Ársreikningur og árshlutauppgjör	12
8.	Reglur og reglulegar skýrslur.....	12
	VIÐAUKI 1: REGLUR FYRIR LANDSBRÉF – GLOBAL PORTFOLIO.....	13

I. ALMENNT

Útboðslýsing þessi er gerð með vísan til 51. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Tilgangur hennar er sá að koma á framfæri nauðsynlegum upplýsingum til að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóðsins Landsbréf – Global Portfolio.

Útboðslýsingin er samin af Landsbréfum hf. og er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir.

Til nánari glöggvunar eru hér stuttar skilgreiningar á orðum og hugtökum sem notuð eru í útboðslýsingunni.

Sjóður:	Landsbréf-Global Portfolio (hér eftir „Global Portfolio“ eða „sjóðurinn“), kt. 690616-9710, er fjárfestingarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og er ekki deildaskiptur.
Rekstrarfélag:	Landsbréf hf., kt. 691208-0520, Borgartúni 33, 105 Reykjavík, (hér eftir „Landsbréf“ eða „rekstrarfélagið“).
Vörslufyrirtæki:	Landsbankinn hf. (hér eftir „Landsbankinn“), kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.
Starfsemi:	Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu.
Söluaðili:	Landsbankinn.
Stofndagur:	13. október 2016
Grunnmynt:	Grunnmynt sjóðsins eru bandarískir dalir (USD)
Innlausn:	Landsbréf eru á hverjum tíma skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi, eftir þeim reglum sem um innlausn gilda. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda sé frestunin almenn og taki til allra hlutdeildarskírteina.
Fjárhæðir:	Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini fyrir hlutdeild sjóðfélaga á hverjum tíma. Lágmarkskaup í sjóðnum eru 50 USD að söluvirði.
Réttindi:	Allir sem eiga hlutdeild að fjárfestingarsjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna sjóðsins í hlutfalli við eignarhlutdeild sína í sjóðnum.
Upplýsingar:	Hægt er að nálgast þau gögn sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á skrifstofu Landsbréfa, vefsíðu félagsins www.landsbref.is , afgreiðslustöðum Landsbankans og vefsíðu www.landsbankinn.is .

II. UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN, REKSTRARFÉLAGIÐ OG VÖRSLUFYRIRTÆKIÐ

1. Rekstrarfélag

Landsbréf voru stofnuð í desember 2008. Hlutfé Landsbréfa nemur 35.000.000 kr. og er það allt greitt. Landsbréf eru dótturfélag Landsbankans.

Landsbréf annast rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestisjóða um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við lög, ákvörðun stjórnar og reglur sjóðanna. Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki skulu vera óháð í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Rekstrarfélagið skal einnig vinna í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur með trúverðugleika markaðarins og hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi. Landsbréf hafa sett sér reglur um hvernig tekið skuli á mögulegum hagsmunarárekstrum í starfseminni og má nálgast útdrátt úr þeim á vefsíðu rekstrarfélagsins, www.landsbref.is.

Landsbréf taka ákvarðanir um fjárfestingar sjóðsins og annast framkvæmd þeirra. Félagið hefur jafnframt heimild til þess að sinna eignastýringu og fjárfestingaráðgjöf fyrir einstaklinga og lögaðila.

Stjórn Landsbréfa skipa Sigríður Hrólfsdóttir, formaður, kt. 160167-4169, sjálfstætt starfandi ráðgjafi, Helga Gunnarsdóttir, kt. 260469-5419, sérfræðingur í Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Jón Þór Grímsson, kt. 270475-4699, deildarstjóri í Lögfræðideild Landsbankans, Kristinn Ingi Lárusson, kt. 191273-5599, framkvæmdastjóri On-Waves og Þóranna Jónsdóttir, kt. 191268-3779, ráðgjafi á sviði breytingastjórnunar og stjórnarháttá. Varamenn í stjórn eru Heiður Agnes Björnsdóttir, kt. 300462-2279, markaðsstjóri hjá Heilsuborg og Guðjón Valgeir Ragnarsson, kt. 300364-5279, forstöðumaður hjá Landsbankanum.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er Helgi Þór Arason, kt. 160375-5079.

Endurskoðandi Landsbréfa er Grant Thornton endurskoðun ehf., Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík.

Landsbréf hafa gert samning við Landsbankann um útvistun ýmissa verkefna tengdum sjóðum sem félagið annast rekstur á, í samræmi við 18. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestisjóði. Í samræmi við þetta samkomulag annast Landsbankinn eftirtalin verkefni:

- Annast eftirlit með mati rekstrarfélagsins á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins.
- Heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti.
- Annast innri endurskoðun á starfsemi Landsbréfa, regluvörslu og hefur umsjón með rekstri tölvukerfa Landsbréfa.
- Annast sölu- og markaðsmál fyrir sjóði í rekstri Landsbréfa.
- Annast bókhald og uppgjör sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestisjóði, og lög nr. 145/1994 um bókhald.
- Greiðir viðeigandi þóknanir fyrir sjóðinn.
- Gerir mánaðarlegt uppgjör sjóðsins, á samskipti við endurskoðanda í samráði við Landsbréf, vinnur skýrslur til opinberra aðila og hlutdeildarskírteinishafa að höfðu samráði og eftir ákvörðun Landsbréfa.

Þann 1. desember 2017 voru 9 verðbréfasjóðir í rekstri Landsbréfa sem lúta eftirliti FME; Landsbréf - Sparibréf verðtryggð, Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð, Landsbréf - Markaðsbréf, Landsbréf - Sparibréf stutt, Landsbréf - Sparibréf meðallöng, Landsbréf - Sparibréf plús, Landsbréf - LEQ UCITS ETF, Landsbréf - Global Equity Fund og Landsbréf - Nordic 40. Einnig hafa Landsbréf með höndum rekstur 11 fjárfestingarsjóða sem lúta eftirliti FME; Landsbréf - Markaðsbréf sértryggð, Landsbréf - Global Portfolio, Landsbréf - Öndvegisbréf, Landsbréf - Úrvalsbréf, Landsbréf - Eignadreifing Langtíma, Landsbréf - Eignadreifing Virði, Landsbréf - Eignadreifing Vöxtur, Landsbréf - Einkabréf B, Landsbréf - Einkabréf C, Landsbréf - Einkabréf D og Landsbréf - Veltubréf. Landsbréf reka að auki 12 fagfjárfestingsjóði sem lúta eftirliti FME, Landsbréf - BÚS I, Horn III slhf., Landsbréf veðskuldabréfasjóður slhf., Askja fagfjárfestingsjóður, Brunnur vaxtarsjóður slhf., Horn II slhf., Landsbréf - Icelandic Tourism Fund slhf., Landsbréf - LBS I, Hekla fagfjárfestingsjóður, Drangar Fund, Landsbanki Mezzanine Fund II og Landsbanki Aquila Real Estate Fund.

Upplýsingar um sjóði í rekstri félagsins má finna á öllum afgreiðslustöðum Landsbankans, á vefsíðu Landsbréfa, www.landsbref.is sem og á vefsíðu Landsbankans, www.landsbankinn.is. Landsbréf sjá um stýringu eigna sjóðanna með kaupum og sölu á fjármálagerningum í samræmi við fjárfestingarstefnu og reglur hvers sjóðs. Þá skulu Landsbréf hafa eftirlit með störfum Landsbankans vegna þeirra verkefna sem hafa verið útvistuð til bankans, samanber framangreint.

2. Vörslufyrirtæki

Landsbréf hafa gert vörslusamning við Landsbankann þess efnis að bankinn annist umsjá og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóða í rekstri félagsins. Meginstarfsemi Landsbankans er allhliða banka- og fjármálaþjónusta.

Hlutverk vörslufyrirtækisins skv. 20. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði er að:

1. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila,
4. tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. tryggja að tekjum sjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Fjárreiðum sjóðsins skal haldið tryggilega aðgreindum í bókhaldi frá fjárreiðum rekstrarfélagsins og vörslufyrirtækisins.

3. Um fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða

Heimildir fjárfestingarsjóða (Non-UCITS) til fjárfestinga, eru háðar minni takmörkunum en heimildir verðbréfasjóða (UCITS). Þannig eru heimildir verðbréfasjóða til fjárfestinga í verðbréfum sem gefin eru út af sama aðila þrengri en gildir um fjárfestingarsjóði. Nánari útlitun á fjárfestingarheimildum fjárfestingarsjóða er að finna í III. kafla F í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

4. Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og dreifingu áhættu með því að fjárfesta í erlendum hlutabréfasjóðum og skuldabréfasjóðum ásamt innlánnum hjá fjármálafyrirtækjum. Grunnmynt sjóðsins eru dollarar (e.USD). Global Portfolio er fjárfestingarsjóður með virka eignastýringu og byggir á hugmyndafræði sjóðasjóða. Sjóðurinn er ætlaður almennum fjárfestum (einstaklingum og lögaðilum) sem og fagfjárfestum. Sjóðurinn hentar þeim fjárfestum sem vilja fjárfesta í dreifðu og blönduðu safni erlendra sjóða og innlána.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er eftirfarandi:

Tegund sjóða	Lágmark	Hámark
Erlendir verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir:	20%	100%
Þar af fjárfestingar í erlendum ríkisskuldabréfasjóðum, þ.e. hlutdeildaskírteini í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu enda sé hægt að sýna fram á að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir og fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð erlendra ríkja sem fengið hafa lánsþæfismatseinkunn yfir A eða sambærilega vegna lántöku til skemmri eða lengri tíma af a.m.k. tveimur af þremur eftirfarandi viðurkenndum matsaðilum á lánsþæfi: Moody's Investor Service, Standard & Poor's og Fitch	0%	30%
Þar af fjárfestingar í erlendum hlutabréfasjóðum, þ.e. hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu enda sé hægt að sýna fram á að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir og fjárfesta í erlendum hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (skráð í kauphöll).	0%	100%
Erlendir kauphallarsjóðir	0%	50%
Þar af fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum erlendra kauphallarsjóða sem lúta eftirliti opinberra aðila í Bandaríkjunum eða innan Evrópska efnahagssvæðisins og fjárfesta í erlendum hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (skráð í kauphöll).	0%	50%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum í erlendri mynt	0%	50%

Sjóðurinn fjárfestir aðallega í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum og kauphallarsjóðum (e. Exchange Traded Funds) sem fjárfesta í erlendum skráðum hlutabréfum.

Sjóðurinn getur fjárfest í innlánnum. Innlánaheimild sjóðsins nær m.a. til heildsöluinnlána (peningamarkaðsinnlána) en þar hefur verið samið sérstaklega um kjör og tímalengd

viðkomandi innlána með samningi beint við fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn getur verið með fé á óbundnum innlánsreikningum sem hluta af lausafjárstýringu sinni til að geta mætt innlausnum, en slík óbundin innlán teljast til reiðufjár og eru ekki hluti af fjárfestingastefnu sjóðsins.

Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga er fjárfestingarsjóði óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

Um fjárfestingarstefnuna gilda jafnframt almennar takmarkanir skv. II kafla F í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, með þeim undantekningum sem gilda um fjárfestingarsjóði og tilgreindar eru í 59. gr. III. kafla sömu laga. Sjóðurinn hyggst nýta heimild fjárfestingarsjóða sem getið er um í 59. gr. laganna:

Ákvæði 35. gr. gilda ekki um sjóðinn. Um hámark fjárfestingar sjóðsins í innlánnum sama útgefanda gildir að heimilt er að binda allt að 30% af eignum sjóðsins í innlánnum sama fjármálafyrirtækis, sbr. b-lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laganna.

5. Áhætta

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er að jafnaði öruggari en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, því hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Hlutdeildarskírteini sjóðsins geta lækkað í verði ekki síður en hækkað og eru því ekki áhættulaus og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Sveiflur í gengi sjóðsins geta verið miklar vegna sveiflna í gengi þeirra eigna sem sjóðurinn fjárfestir í. Ófyrirséðir atburðir, almennt efnahagsástand, ný eða breytt löggjöf, náttúruhamfarir, vinnustöðvanir og breytingar á skattalögum geta valdið verðbreytingum á verðbréfamarkaði, þ.m.t. á gengi hlutdeildarskírteina. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu áhættuþáttum sem hafa þarf í huga áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í sjóðnum. Upptalningin er þó ekki tæmandi fyrir þá þætti sem geta haft áhrif á gengi sjóðsins.

- *Markaðsáhætta* fylgir öllum fjármálagerningum og er ekki hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhættu falla til dæmis gengisáhætta og vaxtaáhætta.
 - *Gengisáhætta* er áhætta sem felst í því að gengi verðbréfa, hlutdeildarskírteina og gjaldmiðla getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og haft þannig áhrif á ávöxtun í sjóðnum.
 - *Vaxtaáhætta* felst í áhrifum breytinga á markaðsvöxtum á verðmyndun verðbréfa. Hækki ávöxtunarkrafa á markaði getur það leitt til lækunar á verði hlutabréfa og öfugt. Verð hlutabréfa getur lækkað til dæmis við vaxtahækkunir Seðlabanka eða vegna mikils framboðs.
- *Landsbundin áhætta* er til staðar í sjóðnum. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í verðbréfum fyrirtækja óháð því á hvaða landsvæði þau starfa. Hagkerfum einstakra landa kann að vera mismunandi háttáð, til hins betra eða verra, hvað snertir atriði á borð við vöxt í svæðisbundinni framleiðslu eða landsframleiðslu, verðbólgu, endurfjárfestingu, sjálfsþurft eða greiðslujöfnuð. Útgefendur eru almennt háðir reglusetningu í mismunandi mæli hvað snertir t.d. innherjaviðskipti. Kröfur á hendur útgefendum um skýrslugjöf, bókhald og reikningsskil kunna að vera mismunandi eftir löndum og fjárfestar í verðbréfum og öðrum eignum kunna að njóta mismunandi mikilla upplýsinga eftir löndum. Að auki er hugsanlegt að lög er varða fyrirtæki, gjaldprot eða greiðsluþrot, veiti takmarkaða vernd fyrir fjárfesta. Landsbundin áhætta getur einnig skapast vegna óvissu um ytri aðstæður, til dæmis um það hvort skattareglur verði óbreyttar til framtíðar. Jafnframt getur hún skapast vegna átaka, stjórnmaladeilna, hryðjuverka, styrjalda, náttúruhamfara, farsóttu og annarra álíka aðstæðna.

- *Skuldaraáhætta (greiðsluáhætta)* er í sjóðnum. Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi verðbréfs standi ekki við skuldbindingar sínar og fari í gjaldþrot eða nauðsamninga og fjárfesting tapist því að hluta til eða að öllu leyti. Innlánakröfur geta tapast við gjaldþrot fjármálastofnunar sem sjóðurinn á innlán hjá. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefenda. Skuldaraáhætta er almennt talin vera meiri ef um verðbréf fyrirtækja eða sveitarfélaga er að ræða en ef um verðbréf með ríkisábyrgð er að ræða.
- *Frammistöðuáhætta* er til staðar í sjóðnum, stýring sjóðsins telst virk og árangur sjóðsins getur verið betri eða verri en á þeim verðbréfamörkuðum sem sjóðurinn fjárfestir á.
- *Gjaldmiðlaáhætta* er í sjóðnum. Undirliggjandi sjóðir geta fjárfest í fyrirtækjum alls staðar í heiminum sem hafa sjóðstreymi í mismunandi myntum. Sveiflur í gengi gjaldmiðla geta haft áhrif á hagnað þeirra og þannig leitt til hækkunar eða lækkunar hlutabréfa í viðkomandi fyrirtæki.
- *Seljanleikaáhætta/Lausafjáraáhætta* er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma, til dæmis ef miklar innlausnir verða í sjóðnum eða ef samþjöppun eigna veldur broti á fjárfestingarstefnu.
- *Uppgjörsáhætta* er til staðar í sjóðnum ef útgefandi eða mótaðili í viðskiptum greiðir ekki eða afhendir ekki fjármálagerning á réttum tíma.
- *Vörsluáhætta* er í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörslufyrirtækis.
- *Áhætta tengd fjárfestingum í innlánnum* er í sjóðnum. Meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Innlán í eigu sjóðsins, hverju nafni sem þau kunna að nefnast, njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum.
- *Rekstraráhætta* er í sjóðnum og gæti sjóðurinn tapað fjármunum vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

6. Fyrri árangur sjóðsins

Ekki er til staðar yfirlit um fyrri árangur sjóðsins þar sem að sjóðurinn hefur ekki starfað í heilt almanaksár .

III. AÐRAR UPPLÝSINGAR

1. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar fá í hendur kvittun, sem staðfestir hlutdeild þeirra í sjóðnum, og er nafn þeirra og kennitala ásamt heildarhlutdeild skráð í hlutdeildarskírteinaskrá. Landsbankinn sem er vörslufyrirtæki sjóðsins, sér um hlutdeildarskírteinaskrá. Hlutdeildarskírteini veitir eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins. Ef sérstaklega er óskað eftir því gefur rekstrarfélagið út hlutdeildarskírteini, sbr. 23. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði gegn 2.000 kr. endurgjaldi. Slík útgefin hlutdeildarskírteini skulu ávallt endurspeglja heildarhlutdeild viðkomandi í sjóðnum og ef breyting verður á eignarhlutdeild vegna sölu eða innlausnar skal nýtt hlutdeildarskírteini gefið út í stað eldra útgefins skírteinis sem þar með telst ógilt. Allir sem eiga hlutdeild að sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna sjóðsins í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til eigna sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskírteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart sjóðnum. Hafi hlutdeildarskírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar ber að tilkynna eigendaskiptin til vörslufyrirtækis og öðlast þau ekki gildi fyrr en slík tilkynning hefur átt sér stað og nýtt hlutdeildarskírteini verið gefið út til framsalshafa og er hlutdeild þá skráð á nafn og kennitölu hans. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrá og heimildartilkynningar getið.

Stjórn Landsbréfa er heimilt að taka ákvörðun um að gefa út hlutdeildarskírteini með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu.

Engar takmarkanir skulu vera á eigendaskiptum að hlutdeildarskírteinum hvort sem er fyrir afsalsgerninga eða af öðrum ástæðum. Glatist hlutdeildarskírteini á eigandi rétt á að fá nýtt skírteini útgefið strax og hið eldra hefur verið ógilt með dómi. Tilkynna skal um eigendaskipti hlutdeildarskírteina til Landsbankans.

Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu

Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina í sjóðnum um breytingar á reglum hans. Landsbréf geta farið þess á leit að Fjármálaeftirlitið samþykki undanþágu frá tilkynningarskyldu þessari, sbr. 3. og 4. mgr. 11. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, en hafa skal að leiðarljósi að senda allar efnislegar breytingar á reglum til hlutdeildarskírteinishafa.

2. Kaupgengi og innlausnarvirði

Gengi Global Portfolio er reiknað í dagslok þá viðskiptadaga sem sjóðurinn er opinn og notað til uppgjors viðskipta þremur viðskiptadögum síðar (T+3).

Gengi sjóðsins er birt á uppgjorsdegi á öllum sölustöðum sjóðsins. Kaupgengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum er innlausnarvirði þeirra og er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum. Um útreikning á gengi sjóðsins fer eftir stjórnvaldsreglum sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á gengi hlutdeildarskírteina verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á Íslandi.

Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign Global Portfolio skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

Landsbréf eru á hverjum tíma skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi viðskipta með hlutdeildarskírteini. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphalla þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður, þannig að ekki reynist unnt að sannreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðurinn staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem tekið gæti einhvern tíma. Frestunin skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Slík frestun skal ennfremur auglýst opinberlega. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt krafist frestunar innlausna krefjist hagsmunir eigenda skírteinanna eða almennings þess, sbr. 3. mgr. 27. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Landsbréf geta lokað fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum ef ekki er talið að vænlegir fjárfestingarkostir séu í boði.

3. Mat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir reglugerð nr. 1166/2013 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf. Matið skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar í eigu sjóðsins, sem eru skráðir eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati Landsbréfa, undir eftirliti vörslufyrirtækis og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Fyrir sjóðinn skal mynda niðurfærslureikning vegna fjármálagerninga í því skyni að gengi hlutdeildarskírteina endurspeglir sem best verðmæti eigna hlutadeigandi sjóðs á hverjum tíma.

4. Skattamál

Sérhverjar tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skattlagðar sem vaxtatekjur samkvæmt 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Skattaleg meðferð er mismundandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila.

Samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er innheimtur af innlendum einstaklingum 20% staðgreiðsluskattur af fjármagnstekjum, svo sem vegna hagnaðar af sölu og/eða innlausn hlutdeildarskírteina og mögulegri arðgreiðslu úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur er bráðabirgðagreiðsla og fer endanlegt uppgjör fram við álagningu opinberra gjalda ár hvert. Við álagningu er tekið tillit til skattleysismarkna vaxtatekna hjá einstaklingum utan rekstrar. Skattleysismörk vaxtatekna sem falla til frá og með 1. janúar 2014 eru 125.000 kr. og er ofgreidd staðgreiðsla eftir atvikum endurgreidd við álagningu. Ef fjármagnstekjurnar flokkast sem rekstrartekjur hjá einstaklingi eru þær skattlagðar við álagningu í samræmi við 3. tölul. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Staðgreiðsla er ávallt innheimt við innlausn eða framsal hlutdeildarskírteina og kemur afdregin staðgreiðsla til frádráttar við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir að tekjuári lýkur. Við afdrátt staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er stofn til staðgreiðslu reiknaður á mismun verðmætis innlausnarfjárhæðar og meðalkaupverðis þeirrar fjárhæðar sem innleyst er fyrir.

Við skattskil skattskyldra lögaðila er áfallin gengisbreyting af hlutdeildarskírteinum færð til tekna eða gjalda á rekstrarreikningi og kemur þannig inn í útreikning á tekjuskattsstofni rekstrartekna og skattleggst í því skatthlutfalli sem gildir um viðkomandi félagsform. Hlutföll þessi eru nú 20% fyrir hlutafélög og 36% fyrir sameignarfélag. Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts er lögð á innleystar fjármagnstekjur þessara aðila með 20% staðgreiðsluhlutfalli og er sú skattgreiðsla bráðabirgðagreiðsla upp í væntanlega álagningu tekjuskatts. Ef staðgreiðsla reynist hafa verið ofgreidd þá er hún endurgreidd við álagningu tekjuskatts árið á eftir staðgreiðsluárinu.

Lögaðilar sem almennt eru undanþegnir skattskyldu samkvæmt 1., 2., 4., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru engu að síður skyldir til að greiða skatt af tekjum af sölu eða öðru framsali hlutdeildarskírteina og er skattur sá innheimtur í staðgreiðslu með 20% skatthlutfalli. Eftirtaldir lögaðilar sæta hvorki skattlagningu né staðgreiðslu af tekjum af hlutdeildarskírteinum, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum: Lánasjóður íslenskra námsmanna, Bygðastofnun, Íbúðalánasjóður, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Fiskræktarsjóður, lífeyrissjóðir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og starfstengdir eftirlaunasjóðir sem heimild hafa til að taka á móti iðgjöldum til myndunar eftirlaunaréttar. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, eru erlend ríki og alþjóðastofnanir, Lánasjóður íslenskra námsmanna, Bygðastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Íbúðalánasjóður, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Fiskræktarsjóður, Lánasjóður sveitarfélaga ohf. og Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands, sjóðir sem starfa samkvæmt

lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011, lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, með síðari breytingum, verðbréfafyrirtæki, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, verðbréfamiðstöðvar, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, líftryggingafélög, sbr. 23. gr. laga nr. 60/1994, og lífeyrissjóðir, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og starfstengdir eftirlaunasjóðir, sbr. lög um starfstengda eftirlaunasjóði. Erlendir einstaklingar og erlendir lögaðilar sæta 10% staðgreiðslu af fjármagnstekjum, vegna hagnaðar af sölu og/eða innlausn hlutdeildaskírteina og mögulegri arðgreiðslu úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Erlendir einstaklingar geta skilað skattframtali vegna vaxtatekna og fengið sams konar skattleysismörk og innlendir einstaklingar eða 125.000 kr. á ári.

Frá skattskyldu erlendra aðila ákveðnar undanþágur. Aðilar sem eru heimilisfastir í landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við, og þar sem sá samningur gerir ráð fyrir að ekki sé haldið eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum þeirra, teljast ekki skattskyldir af vaxtatekjum sem upprunnar eru hér á landi. Það er þó forsenda fyrir því að þessi undanþága komi til framkvæmda við staðgreiðslu að sótt hafi verið um hana til ríkisskattstjóra á til þess gerðu eyðublaði RSK 5.42.

Rétt er að vekja athygli á því að skattalög geta breyst frá einum tíma til annars og gildandi reglur til dæmis varðandi skattskyldu, skatthlutföll, skattleysismörk og/eða ákvörðun skattstofna geta tekið breytingum ef lögum verður breytt. Þá geta ný lög verið sett sem kveða á um nýja skattlagningu á tekjum og eignum. Skattfrankvæmd, þar með talið um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, er hagað í samræmi við leiðbeiningar og ákvarðanir ríkisskattstjóra. Ef yfirséttanefnd eða dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að slík frankvæmd hafi reynst röng í einhverjum atriðum þá fer um leiðréttingar í slíkum tilvikum eftir þeim reglum sem gilda lögum samkvæmt, sbr. einkum 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Viðskiptavinum er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila um skattalega stöðu sína, svo sem til embættis ríkisskattstjóra, endurskoðenda eða lögmannna sem sérhæft hafa sig í skattamálum.

5. Rekstrarkostnaður og annar kostnaður

Við viðskipti með hlutdeildarskírteini í Global Portfolio er gjaldfært afgreiðslugjald samkvæmt gildandi gjaldskrá söluaðila hverju sinni.

Landsbréf fá greidda umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Umsýsluþóknun sjóðsins er 1,5% á ársgrundvelli og er reiknuð af nettóstærð sjóðsins hvern dag og færð til skuldar í bókhaldi sjóðsins. Umsýsla felst meðal annars í útreikningi á innlausnarvirði, reikningshaldi, þjónustu við fjárfesta, vörslu verðbréfa, umsjón með skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina og stýringu eigna sjóðsins. Uppgjör umsýsluþóknunar til Landsbréfa fer fram mánaðarlega.

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins svo sem viðskiptakostnaður, þar með taldar miðlunarþóknunir, og innheimtukostnaður er ekki innifalinn í umsýsluþóknun né heldur eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins sem er lagt á samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og er sjóðurinn krafinn um greiðslu þessa kostnaðar.

Landsbréf geta einnig krafði sjóðinn um endurgreiðslu annars kostnaðar sem fellur til vegna reksturs hans svo sem vegna endurskoðunar sjóðsins, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga og kynningarefnis. Ekki er heimilt að krefja sjóðinn um greiðslu slíks annars kostnaðar umfram sem nemur 0,1% árlega.

Umsýsluþóknun sjóða sem Global Portfolio fjárfesta í má að hámarki nema 3%.

6. Kaup og sala hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini eru seld gegn staðgreiðslu kaupverðs og er lágmarksfjárfesting USD 50. Við kaup í sjóðnum er innheimt 1,0% gjald. Hlutdeildarskírteini skal skrá á nafn eða á safnreikning, sbr. 5. mgr. 23. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Opnunartími sjóðsins er frá kl. 9:30-12:00 þá viðskiptadaga sem kauphöllin á Íslandi er opin. Viðskiptapantanir með hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem berast á opnunartíma sjóðsins eru afgreiddar á birtu gengi þess dags og uppgjör fer fram þremur viðskiptadögum síðar (T+3). Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta viðskiptadags.

7. Ársreikningur og árshlutauppgjör

Ársreikningur og árshlutauppgjör Landsbréfa skulu vera almenningi aðgengileg á starfsstöð Landsbréfa innan 10 daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Einnig má nálgast ársreikninga á vefsíðu Landsbréfa, www.landsbref.is.

8. Reglur og reglulegar skýrslur

Reglur sjóðsins eru í viðauka við útboðslýsingu. Reglulegar skýrslur um sjóðinn ásamt öðrum upplýsingum má finna á vef Landsbréfa www.landsbref.is og á vef Landsbankans www.landsbankinn.is.

Helstu atriði útboðslýsingar skulu að jafnaði uppfærð eigi sjaldnar en árlega, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 1166/2013 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf.

Útboðslýsing og lykilupplýsingar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu. Verði breytingar á efnisatriðum útboðslýsingar eða lykilupplýsinga skulu þær sendar Fjármálaeftirlitinu og kynntar eigendum hlutdeildarskírteina eða hluta með opinberum hætti. Útboðslýsing þessi skal vera fjárfestum aðgengileg að endurgjaldslausu.

VIÐAUKI 1: REGLUR FYRIR LANDSBRÉF – GLOBAL PORTFOLIO

1. grein

Heiti sjóðs

Landsbréf-Global Portfolio (hér eftir „Global Portfolio“), kt. 690616-9710, er fjárfestingarsjóður, sem starfræktur er í samræmi við lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fjárfestingarsjóðurinn er rekinn af Landsbréfum hf., kt. 691208-0520 (hér eftir „Landsbréf“), sem hafa starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsbréf eru til heimilis að Borgartúni 33, 105 Reykjavík.

2. grein

Deildaskipting

Landsbréf veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu sjóðsins og í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, og gefa út hlutdeildarskírteini í sjóðnum til staðfestingar á hlutdeild í eignum sjóðsins. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður og starfar óskiptur. Fjárreiðum sjóðsins skal haldið tryggilega aðgreindum í bókhaldi Landsbréfa.

3. grein

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið með útgáfu Global Portfolio er að gefa fjárfestum færi á að kaupa hlutdeildarskírteini í sjóði með dreifðu og blönduðu safni erlendra hlutdeildarskírteina og innlána. Grunnmynt sjóðsins eru dollarar (e.USD). Eingöngu er hægt að kaupa hlutdeildarskírteini í sjóðnum með reiðufé í grunnmynt sjóðsins.

Sjóðurinn hefur sérstaka og fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu sem stjórn Landsbréfa ákveður. Óheimilt er að breyta fjárfestingarstefnu sjóðsins nema í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Fjárfestingarstefna sjóðsins er eftirfarandi:

Tegund sjóða	Lágmark	Hámark
Erlendir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir:	20%	100%
<p>Þar af fjárfestingar í ríkisskuldabréfasjóðum, þ.e. hlutdeildaskírteini í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu enda sé hægt að sýna fram á að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir og fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð erlendra ríkja sem fengið hafa lánshæfismatseinkunn yfir A eða sambærilega vegna lántöku til skemmri eða lengri tíma af a.m.k. tveimur af þremur eftirfarandi viðurkenndum matsaðilum á lánshæfi: Moody's Investor Service, Standard & Poor's og Fitch</p>	0%	30%
<p>Þar af fjárfestingar í hlutabréfasjóðum, þ.e. hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu enda sé hægt að sýna fram á að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir og fjárfesta í erlendum hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (skráð í kauphöll).</p>	0%	100%
Erlendir kauphallarsjóðir	0%	50%
<p>Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum kauphallarsjóða sem lúta eftirliti opinberra aðila í Bandaríkjunum eða innan Evrópska efnahagssvæðisins og fjárfesta í erlendum hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (skráð í kauphöll).</p>	0%	50%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum í erlendri mynt	0%	50%

Sjóðurinn fjárfestir aðallega í verðbréfasjóðum þ.m.t. kauphallarsjóðum (e. Exchange Traded Funds) sem fjárfesta í erlendum skráðum hlutabréfum.

Sjóðurinn getur fjárfest í innlánnum. Innlánaheimild sjóðsins nær m.a. til heildsöluinnlána (peningamarkaðsinnlána) en þar hefur verið samið sérstaklega um kjör og tímallengd viðkomandi innlána með samningi beint við fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn getur verið með fé á óbundnum innlánsreikningum sem hluta af lausafjárstýringu sinni til að geta mætt innlausnum, en slík óbundin innlán teljast til reiðufjár og eru ekki hluti af fjárfestingastefnu sjóðsins.

Samkvæmt 3. mgr. 39. gr laga 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, er fjárfestingarsjóði óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

Um fjárfestingarstefnuna gilda jafnframt almennar takmarkanir skv. II kafla F í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, með þeim

undantekningum sem gilda um fjárfestingarsjóði og tilgreindar eru í 59. gr. III. kafla sömu laga. Sjóðurinn hyggst nýta heimildir fjárfestingarsjóða sem getið er um í 59. gr. laganna:

- Ákvæði 35. gr. gilda ekki um fjárfestingarsjóði. Um hámark fjárfestingar fjárfestingarsjóða í innlánnum sama útgefanda gildir að heimilt er að binda allt að 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis, sbr. b-lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laganna.

Fjárfesting í fjármálagerningum felur ætíð í sér áhættu. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er að jafnaði öruggari en þegar keyptir eru einstakir fjármálagerningar, því hver sjóður dreifir áhættu fjárfesta með kaupum í fleiri en einum flokki fjármálagerninga. Gengi Global Portfolio getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Sveiflur í gengi sjóðsins geta verið töluverðar vegna sveiflna í gengi þeirra eigna sem sjóðurinn fjárfestir í. Ófyrirséðir atburðir, almennt efnahagsástand, náttúruhamfarir, vinnustöðvanir og breytingar á skattalögum geta valdið verðlækkun á verðbréfamarkaði, þ.m.t. á gengi hlutdeildarskírteina. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

4. grein

Rekstur og hlutverk vörslufyrirtækis

Daglegur rekstur og framkvæmdastjórn sjóðsins skal vera í höndum Landsbréfa í samræmi við ákvæði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Vörslufyrirtæki sjóðsins er Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, Reykjavík (hér eftir „Landsbankinn“). Landsbréfum er óheimilt að skipta um vörslufyrirtækis nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. 2. mgr. 21. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Stjórn Landsbréfa gerir samning við Landsbankann um vörslu og umsjá eigna sjóðsins í samræmi við 20. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Í samningnum skulu m.a. koma fram þau háþörk sem vörslufyrirtæki er heimilt að áskilja sér í afgreiðslu og umsýslugjöld.

Rekstrarfélag sjóðsins hefur fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Landsbankans eftirfarandi lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins:

- Eftirlit með mati á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins.
- Heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti.
- Annast innri endurskoðun á starfsemi Landsbréfa, sér rekstrarfélaginu fyrir lögfræðiráðgjöf að hluta, regluvörslu og annast rekstur og umsjón tölvukerfa Landsbréfa.
- Annast sölu og markaðsmál fyrir sjóði Landsbréfa.
- Annast bókhald og uppgjör sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, og lög nr. 145/1994 um bókhald.
- Greiðir viðeigandi þóknarir fyrir sjóðinn.
- Gerir mánaðarlegt uppgjör sjóðsins, á samskipti við endurskoðanda í samráði við Landsbréf, vinnur skýrslur til opinberra aðila og hlutdeildarskírteinishafa að höfðu samráði og eftir ákvörðun Landsbréfa.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Stjórn félagsins er þó aldrei heimilt að útvista öllum verkefnum félagsins og ekki er heimilt að útvista fjárfestingarákvörðunum fyrir sjóðinn til vörslufyrirtækis né annars félags, fari hagsmunir þess ekki saman við hagsmuni Landsbréfa og eigenda hlutdeildarskírteina sjóðsins.

Vörslusamningur og upplýsingar um útvistun verkefna skulu vera aðgengilegir eigendum hlutdeildarskírteina og liggja frammi á skrifstofu rekstrarfélagsins.

5. grein **Þóknun rekstrarfélags**

Landsbréf fá greidda umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Umsýsluþóknun nemur nú 1,5% á ársgrundvelli og er hún reiknuð af nettóstærð sjóðsins hvern dag og færð til skuldar í bókhaldi sjóðsins. Uppgjör umsýsluþóknunar til Landsbréfa hf. fer fram mánaðarlega.

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar sjóðsins s.s. viðskiptakostnaður og innheimtukostnaður er ekki innifalinn í umsýsluþóknun né heldur eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins sem er lagt á samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og er sjóðurinn krafinn um greiðslu þessa kostnaðar.

Landsbréf geta einnig krafist sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar sem fellur til vegna reksturs hans svo sem vegna endurskoðunar, kauphallarkostnaðar, fjármálakerfa (annarra en eignastýringarkerfis), áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar og kostnaðar við prentun útboðslýsinga og ársreikninga. Ekki er heimilt að krefja sjóðinn um greiðslu slíks annars kostnaðar umfram sem nemur 0,1% árlega. Umsýsluþóknun sjóða sem Global Portfolio fjárfestir í má að hámarki nema 3%.

6. grein **Markaðssetning sjóðsins**

Einungis er heimilt að markaðssetja Global Portfolio á Íslandi.

7. grein **Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra**

Landsbréf gefa út skilríki fyrir eignarréttindum að sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar. Hlutdeildarskírteini skulu hljóða á nafn eða á safnreikning, sbr. 5. mgr. 23. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á hlutfallslegu tilkalli til eigna sjóðsins. Landsbréfum er, þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar, ekki skylt að gefa út hlutdeildarskírteini nema eigendur þeirra óski eftir því. Stjórn Landsbréfa er heimilt að taka ákvörðun um að gefa út hlutdeildarskírteini með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu. Hlutdeildarskírteini veita eiganda ekki atkvæðisrétt um málefni sjóðsins.

Engar takmarkanir skulu vera á eigendaskiptum að hlutdeildarskírteinum hvort sem er fyrir afsalsgerninga eða af öðrum ástæðum. Glatist hlutdeildarskírteini á eigandi rétt á að fá nýtt skírteini útgefið strax og hið eldra hefur verið ógilt með dómi. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Landsbankinn, heldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Tilkynna skal um eigendaskipti hlutdeildarskírteina til Landsbankans til að þau öðlist gildi. Eru Landsbréf skuldbundin til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi í samræmi við ákvæði laga og reglna þar um.

Hlutdeildarskírteini eru seld gegn staðgreiðslu kaupverðs og er lágmarksfjárfesting USD 50. Munur á kaupgengi (innlausnarvirði) og sölugengi (útboðsgengi) er 1%. Opíð er fyrir viðskipti í sjóðnum frá kl. 9:30 – 12:00 þá viðskiptadaga sem kauphöllin á Íslandi er opin. Beiðni um viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem berast á opnunartíma sjóðsins eru afgreiddar á dagslokagengi þess dags sem beiðnin berst og uppgjör fer fram þremur viðskiptadögum síðar (T+3). Pantanir sem berast utan opnunartíma eru afgreiddar með þeim pöntunum sem berast á opnunartíma næsta viðskiptadags.

Landsbréfum er þó heimilt undir sérstökum kringumstæðum að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Slík frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina með því, sbr. 2. mgr. 58. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti

eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði eða sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausnir að ekki sé unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma. Frestun skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Slík frestun skal ennfremur auglýst opinberlega. Fjármálaeftirlitið getur einnig krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjist hagsmunir eigenda skírteinnanna eða almennings þess, sbr. 4. mgr. 58. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Landsbréf geta tekið ákvörðun um að lokað verði fyrir kaup á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum ef ekki er talið að vænlegir fjárfestingarkostir séu í boði.

8. grein

Ráðstöfun arðs og annarra tekna

Arður og sérhver hagnaður af verðbréfum, hlutdeildarskírteinum og öðrum eignum í eigu sjóðsins skal endurfjárfestur innan ramma fjárfestingarstefnu hans.

9. grein

Útreikningur á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

Gengi Landsbréfa – Global Portfolio er reiknað í dagslok þá viðskiptadaga sem sjóðurinn er opin og notað til uppgjörs viðskipta þremur viðskiptadögum síðar. Eignir sjóðsins skulu metnar á markaðsvirði. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleystra hlutdeildarskírteina. Mat á eignum sjóðsins fer eftir reglugerð nr. 1166/2013 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf. Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem eru skráðir eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati Landsbréfa, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni

10. grein

Samruni við aðra sjóði

Stjórn Landsbréfa tekur ákvörðun um hvers konar samruna eða sameiningu sjóðsins við aðra sjóði að fenginni heimild Fjármálaeftirlitsins. Ef stærð sjóðsins fer undir 200 milljónir kr. er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um samruna við aðra sjóði, sem og ef stjórn Landsbréfa telur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa best borgið með samruna við annan sjóð, til dæmis vegna markaðsaðstæðna. Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina um samruna sjóðsins. Tilkynningin skal innihalda skilmála samruna og gildistöku þeirra breytinga. Gefa skal hlutdeildarskírteinishöfum að lágmarki 30 daga frest til þess að taka afstöðu til breytinganna og skulu þeir eiga rétt á að innleysa skírteini sín innan þess tíma.

11. grein

Um slit sjóðsins

Stjórn Landsbréfa tekur ákvörðun um slit sjóðsins. Ef stærð sjóðsins fer undir 200 milljónir kr. er stjórninni heimilt að taka ákvörðun um að slíta sjóðnum, einnig ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteina séu best varðir með því að slíta sjóðnum. Komi til slita sjóðsins verður öllum eignum hans ráðstafað til hlutdeildarskírteinishafa hlutfallslega í samræmi við eign þeirra. Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina um slit sjóðsins. Tilkynningin skal innihalda skilmála slitanna.

12. grein

Breytingar á reglum

Ákvörðun um breytingar á reglum þessum skal tekin af stjórn Landsbréfa og öðlast þær ekki gildi fyrr en þær hafa verið staðfestar af Fjármálaeftirlitinu sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Landsbréf skulu tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum þessum. Landsbréf geta farið þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það samþykki að veita undanþágu frá tilkynningarskyldu þessari sbr. 4. mgr. 11. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, en

hafa skal að leiðarljósi að senda allar efnislegar breytingar á reglum til hlutdeildarskírteinishafa. Reglur þessar skulu vera fjárfestum aðgengilegar að endurgjaldslausu.

Ákvæði laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði gilda um öll önnur atriði en þau sem fjallað er um í reglum þessum eftir því sem við getur átt.